

2. fundur aðalstjórnar Vestra starfsárið 2024-2025

Haldinn mánudaginn 28. apríl 2025, kl. 17.30 í Safnahúsinu, Ísafirði

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Heiðrún Tryggvadóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson, Sigurður A. Jónsson, Þóra Marý Arnórsdóttir og Gísli Jón Hjaltason.

1. Undirbúningur vegna aðalfundar. Gjaldkeri kynnti ársreikning aðalstjórnar Vestra fyrir stjórnarmönnum og voru reikningurinn áritaður í kjölfarið. Formaður gerði grein fyrir kosningu stjórnar en skv. lögum félagsins eru kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Heiðrún Tryggvadóttir, Hlynur Reynisson og Þóra Marý Arnórsdóttir eru núna að ljúka tveggja ára kjörtímabíli. Heiðrún Tryggvadóttir gefur ekki kost á sér áfram. Farið yfir dagskrá aðalfundar og tillögur sem þar verða lagðar fram.

2. Viðskiptaskuld sunddeildar. Guðni Guðnason, gjaldkeri aðalstjórnar, gerði grein fyrir viðskiptaskuld sunddeildar og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Í bókhaldi aðalstjórnar Vestra hefur staðið til fjölda ára skuld við sunddeildina upp á kr. 1.231.602 sem myndaðist á þeim árum sem sunddeild starfaði ekki en við skiptum Lottótekjur á allar okkar deildir. Það var ekki fyrr en 2022 sem hætt var að skipta Lottótekjum á sunddeild. Árin sem Lottótekjur voru tekjufærðar á sunddeild hefði skipting átt að fara á aðrar deildir Vestra. Leggur gjaldkeri til að skuld við Sunddeild verði færð út þar sem hún er ekki raunveruleg. Fjármunir munu nýtast við að greiða sameiginlegan kostnað.

3. Styrkur frá Orkubúi Vestfjarða. Formaður greindi frá því að aðalstjórn hefði fengið 100 þús. kr. styrk úr Samfélagssjóði Orkubús Vestfjarða til að láta gera stuðningsmannalag fyrir Vestra.

4. Ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 2025. Formaður greindi frá því að fyrra fundarboð væri komið á ársþing HSV sem haldið verður 22. maí 2025 á Suðureyri. Frestur til að senda inn tillögur er til 1. maí, ennfremur er óskað eftir framboðum í stjórn HSV. Huga þarf að tilnefningum til starfsmerkja HSV.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50.